

Fimmtudaginn 6. nóvember 1997.

Nr. 34/1997.

Útgerðarfélagið Vík ehf.

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

gegn

Jóni Ragnari Magnússyni

(Jónatan Sveinsson hrl.)

Sjómenn. Ráðningarsamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 21. janúar 1997. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda, en til vara, að hann verði einungis dæmdur til að greiða 462.528 krónur með vöxtum frá 25. september 1996 til greiðsludags. Hann krefst einnig málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Svo sem getur í héraðsdómi, var stefndi skipstjóri á fiskiskipinu Jóhannesi Ívari, KE-85. Meðan skipið var að veiðum síðari hluta ágústmánaðar 1995, tilkynnti forsvarsmaður áfrýjanda honum í símtali, að skipið hefði verið selt Fiskvinnslunni Kambi hf. á Flateyri. Vefengir stefndi ekki, að honum og öðrum í áhöfn skipsins hafi um leið verið boðið að gegna áfram stöðu sinni á skipinu í þjónustu nýs eiganda. Verður ráðið af yfirlýsingu útgerðarstjóra kaupandans, sem lögð hefur verið fram í málinu, að til þess hafi fulltrúi seljandans haft umboð. Engar viðræður urðu hins vegar um málefnið milli stefnda og kaupandans fyrr en 15. september 1995, er skipið hafði verið tekið í dráttarbraut í Njarðvík vegna lagfæringa fyrir afhendingu þess, sem samkvæmt kaupsamningi skyldi fara fram sama dag. Stefndi kaus hins vegar að hafna boði um lengra starf á skipinu í þjónustu nýs eiganda. Af málsgögnum verði ráðið, að þá ákvörðun hafi hann tilkynnt 16. september 1995 og jafnframt fengið lausn úr skiprúmi þá þegar.

Með því að stefnda var boðið að halda starfi sínu, fer um rétt

hans til launa samkvæmt 3. mgr. 22. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, en engu breytir í þeim efnum, þótt skipið skyldi eftir eigendaskiptin gert út frá annarri höfn en áður, sbr. upphafsorð 2. mgr. 22. gr. laganna. Á stefndi því rétt til kaups í sex vikur eftir lausn úr skiprúmi hjá áfrýjanda.

II.

Áfrýjandi reisir aðalkröfu sína um sýknu á því, að stefndi hafi tekið boði um að halda stöðu sinni á skipinu. Neitar áfrýjandi því jafnframt, að forsvarsmaður hans hafi tjáð sig við stefnda um, hvaðan skipið yrði eftirleiðis gert út. Með samþykki sínu hafi stefndi svipt sig rétti til frekara kaups hjá áfrýjanda. Þótt honum hafi síðar snúist hugur og hann ekki tekið við starfinu, geti það engu breytt um þá réttarstöðu, sem orðin var milli málsaðila eftir samþykki stefnda.

Af hálfu stefnda er atvikum lýst svo, að í símtali því, sem áður getur, hafi forsvarsmaður áfrýjanda sagt, að skipið yrði eins og áður gert út frá Suðurnesjum þrátt fyrir eigendaskiptin. Á þeirri forsendu hafi stefndi samþykkt að starfa áfram á skipinu hjá nýjum eiganda. Ekki hafi komið í ljós fyrr en um miðjan september 1995, er stefndi ræddi sjálfur í fyrsta sinn við fulltrúa kaupandans, að skipið yrði gert út frá Vestfjörðum. Þar með hafi brostið sú forsenda, sem samþykki hans hafi verið reist á. Telur hann, að áfrýjandi geti ekki losnað undan lögboðnum og samningsbundnum skyldum sínum við stefnda með því að ganga lengra í boði sínu og upplýsingum um rekstur skipsins en umboð hans frá kaupanda hafi náð, en þetta atriði hafi ráðið úrslitum um, að hann tók boðinu.

Í áðurnefndri yfirlýsingu útgerðarstjóra kaupandans er greint frá viðræðum hans við stefnda 15. og 16. september 1995. Hefur sú frásögn jafnframt stuðning annarra, sem hafa tjáð sig um þau samskipti. Segir útgerðarstjórinn, að á fundi fyrrnefnda daginn hafi hann skýrt svo frá, að hann teldi líkur á, að skipið yrði gert út frá Flateyri, þótt ekki væri það alveg ákveðið. Hafi stefndi þá strax látið í ljós efasemdir um, að hann yrði áfram á skipinu. Á fundi sömu manna síðari daginn hafi hann tilkynnt stefnda þá ákvörðun kaupandans að gera skipið út frá Flateyri. Svar stefnda við því hafi verið, að hann afþakkaði boð um að halda stöðu sinni á skipinu.

Málsaðilum ber ekki saman um, hvað stefnda og fulltrúa áfrýjanda fór á milli í lok ágúst 1995. Stóð áfrýjanda nær að tryggja sönnur fyrir því, að hann losnaði undan skyldum við stefnda til að greiða kaup við slit ráðningarsamnings. Þegar það er virt og jafnframt litið til áður nefndrar yfirlýsingar útgerðarstjóra kaupandans, verður áfrýjandi látinn bera hallann af skorti á sönnun um, að stefndi hafi þegið boð um starf hjá nýjum eiganda skipsins án fyrirheits um, að skipið yrði áfram gert út frá Suðurnesjum. Verður aðalkröfu áfrýjanda um sýknu því hafnað.

III.

Fyrir Hæstarétti hefur stefndi gert tölulega grein fyrir varakröfu þeirri, sem hann hafði uppi fyrir héraðsdómi. Samkvæmt því nemur kaup hans í sex vikur 614.313 krónum, en frá því dregur hann 76.927 krónur, sem hann fékk í laun á öðru skipi frá 14. október 1995 til loka þess mánaðar. Samtals nemur varakrafa hans því 537.386 krónum auk dráttarvaxta frá 15. desember 1995. Verður sú krafa stefnda tekin til greina.

Áfrýjandi skal greiða málskostnað, sem er ákveðinn sameiginlega í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Útgerðarfélagið Vík ehf., greiði stefnda, Jóni Ragnari Magnússyni, 537.386 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. desember 1995 til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um sjóveðsrétt fyrir framangreindri kröfu skal vera óraskað.

Áfrýjandi greiði stefnda samtals 300.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 23. desember 1996.

Ár 1996, mánudaginn 23. desember, er í Héraðsdómi Reykjaness kveðinn upp dómur í málinu nr. E-1002/1996: Jón Ragnar Magnússon gegn Útgerðarfélaginu Vík ehf. og Fiskvinnslunni Kambi hf.

Málið er höfðað af Jóni Ragnari Magnússyni, kt. 150467-3739, Gónhóli 4, Njarðvík, á hendur Útgerðarfélaginu Vík ehf., kt. 591294-2619, Heiðargerði

19, með stefnu, birtri 9. ágúst 1996, og á hendur Fiskvinnslunni Kambi hf., kt. 511095-3369, Hafnarbakka, Flateyri, með stefnu, birtri 13. ágúst 1996. Málið var dómtekið 5. desember sl.

Dómkröfur stefnanda á hendur stefnda Útgerðarfélaginu Vík ehf. eru þær, að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda 925.055 kr. auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum af stefnufjárhæðinni frá 15. desember 1995, en til vara frá 9. ágúst 1996 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt málskostnaðarreikningi. Til vara er þess krafist, að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda 537.386 kr. auk dráttarvaxta af þeirri fjárhæð og málskostnaðar, svo sem greinir í aðalkröfu.

Dómkröfur stefnanda á hendur stefnda Fiskvinnslunni Kambi hf. eru þær, að stefnda verði gert að þola viðurkenningu á sjóveðsrétti í vs. Jóhannesi Ívari, ÍS-193 (áður KE-85), skipaskrárnúmer 1321, til tryggingar dómkrofum á hendur meðstefnda, Útgerðarfélaginu Vík ehf. Við aðalmeðferð féll stefnandi frá dómkrofum á hendur Ísnesi hf.

Stefndi Útgerðarfélagið Vík ehf. gerir þær dómkrofur, að hann verði sýknaður af öllum krofum stefnanda, til vara, að stefnukrafa stefnanda verði lækkuð verulega. Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins.

Af hálfu stefnda Fiskvinnslunnar Kambs hf. er ekki tekið til varna í málinu.

Sáttatilaunir dómara hafa reynst árangurslausar.

Málavextir.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo, að hann hafi í byrjun árs 1995 verið ráðinn ótímabundinni ráðningu sem skipstjóri á fiskiskipið Jóhannes Ívar, KE-85. Útgerðarmaður skipsins hafi verið stefndi Útgerðarfélagið Vík ehf., en þinglesinn eigandi Ísnes ehf., sem hefur nú gefið út afsal til Fiskvinnslunnar Kambs hf. Ekki hafi verið gerður skriflegur ráðningarsamningur, heldur um það samið við lögskráningu 28. janúar 1995, að um ráðningarkjör skyldu gilda kjarasamningar milli Landssambands íslenskra útvegsmanna (LÍÚ) og yfirmannafélaga innan Farmanna- og fiskimannasambands Íslands (FFSÍ).

Hinn 22. ágúst 1995 hafi útgerðarmaður skipsins tilkynnt stefnanda, að búið væri að selja skipið meðstefnda, Fiskvinnslunni Kambi hf., og til staði, að afhending færi fram 15. september 1995. Jafnframt hafi honum verið tjáð, að kaupandi skipsins myndi hugsanlega gera skipið út á rækjuveiðar frá Suðurnesjum eitthvað áfram fram eftir hausti og til umræðu væri að ráða skipshöfnina í heild á skipið, meðan á þeim veiðiskap staði.

Skipið hafi verið við rækjuveiðar fram til 11. september 1995, en þá hafi

skipverjar verið afskráðir af skipinu. Þá hafi legið fyrir, að meðstefndi, Fiskvinnslan Kambur hf., væri horfinn frá því að gera skipið áfram út á rækju eða aðrar veiðar frá Suðurnesjum, en í stað þess yrði skipið undirbúið til veiða frá hinni nýju heimahöfn sinni, Flateyri. Stefnandi hafi þá lýst yfir, að hann hefði ekki lengur áhuga á að halda starfi sínu áfram á skipinu.

Stefnandi hafi gert forsvarsmönnum stefnda Útgerðarfélagsins Víkur ehf. grein fyrir því, að með sölu skipsins og afhendingu þess 15. september 1995 hafi ráðningarsamningi sínum verið slitið með ólögmætum og bótaskyldum hætti. Á það hafi forsvarsmenn stefnda ekki fallist og borið því við, að þar sem stefnandi hafi ekki þegið skiprúm hjá hinum nýju eigendum, hafi hann fyrirgert rétti sínum til launa á lög- og samningsbundnum uppsagnarfresti.

Af hálfu stefnda Útgerðarfélagsins Víkur ehf. er því haldið fram, að kaupandi skipsins, meðstefndi Fiskvinnslan Kambur hf., hafi boðið skipverjum framhald á starfi og stefnandi samþykkt að halda áfram störfum. Hinn 19. september 1995 hafi stefnandi síðan tilkynnt, að hann væri horfinn frá ráðningu sinni.

Málsástæður stefnanda og lagarök.

Stefnandi reisir dómkröfur sínar á því, að ráðningarsamningi sínum hafi verið slitið með ólögmætum og bótaskyldum hætti 11. september 1995, er stefnandi var afskráður af skipinu. Stefnda Útgerðarfélaginu Vík ehf. hafi borið að segja upp ráðningarsamningi sínum skriflega með minnst þriggja mánaða fyrirvara, sbr. 44. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 og grein 1.33 í kjarasamningi aðila. Stefndi sé því bótaskyldur gagnvart stefnanda og beri að bæta honum það tjón, sem hin ólögmæta brottvikning hafi valdið honum, sbr. 2. og 3. mgr. 45. gr. sjómannalaga.

Engu máli skipti um bótarétt stefnanda, þótt komið hafi til tals milli stefnda og meðstefnda, Fiskvinnslunnar Kambs hf., að stefnandi yrði eitt-hvað áfram með skipið, eftir að það komst í eigu meðstefnda.

Stefnandi telur, að hin ólögmæta ráðningarslit hafi valdið sér launamissi og um leið tjóni, sem nemi að minnsta kosti launum síðustu þriggja mánaða á skipinu fyrir ráðningarslit. Stefnandi hafi í uppsagnarfrestinum reynt að verða sér úti um skipstjórn á öðru skipi. Hann hafi tekið að sér skipstjórn 14. október 1995 á vs. Blíðfara, GK-275, og verið skráður sem slíkur á það skip til áramóta 1995/1996. Á þeim tíma hafi hann haft í laun 303.571 kr.

Með hliðsjón af því sé stefnukrafan sundurliðuð með eftirfarandi hætti:

1. Laun í uppsagnarfresti 15/9 – 15/12	kr. 1.228.626
2. Frádr. laun á vs. Blíðfara GK	– 303.571
Stefnufjárhæð	<u>kr. 925.055</u>

Krafist er dráttarvaxta af stefnufjárhæð frá 15. desember 1995, þ. e. frá lokum uppsagnarfrests, en til vara, frá því að málið telst höfðað, 9. ágúst 1996.

Krafan um málskostnað styðst við 130. gr. laga nr. 91/1991 og krafan um virðisaukaskatt á málskostnað við lög nr. 50/1988. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur og verði því af skaðleysisástæðum að gera kröfu um virðisaukaskatt úr hendi stefnda.

Dómkröfur eru settar fram á hendur meðstefnda, Fiskvinnslunni Kambi hf., með vísan til 1. tl. 1. mgr. 197. gr. siglingalaga nr. 34/1985. Fiskvinnslan Kambur hf. er skráð eigandi skipsins samkvæmt þinglýstum kaupsamningi.

Málsástæður stefndu og lagarök.

Stefndi Útgerðarfélagið Vík ehf. styður sýknukröfu sína því, að Fiskvinnslan Kambur hf. hafi boðið stefnanda að gegna áfram skipstjórástöðu sinni á skipinu. Stefnandi hafi tekið sér skamman umhugsunarfrest, 22. ágúst 1995, og þegið síðan boðið. Við það að taka boði stefnda Fiskvinnslunnar Kambs hf. hafi komist á bindandi samningur milli stefnda og meðstefnda, Fiskvinnslunnar Kambs hf., og verði bótakröfum eftir það vegna brostinna forsendna ekki beint gegn stefnda Útgerðarfélaginu Vík ehf. Brostnar forsendur og væntingar stefnanda af völdum stefnda Fiskvinnslunnar Kambs hf. valdi stefnda Útgerðarfélaginu Vík ehf. ekki réttarspjöllum.

Stefndi mótmælir sérstaklega kröfugerð stefnanda og bendir á, að í samræmi við 3. mgr. 22. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 eigi skipverji við sölu skips eingöngu rétt á hálfum uppsagnarfresti á launum, þegar hann þiggi ekki boð kaupanda skips um framhald ráðningar, sbr. Hrd. 1991, 1753.

Niðurstaða.

Ágreiningur málsaðila snýst bæði um málsatvik og réttarreglur.

Þegar stefnanda var tilkynnt símleiðis 22. ágúst 1995 um fyrirhugaða sölu vs. Jóhannesar Ívars, ÍS-193, af starfsmanni Útgerðarfélagsins Víkur ehf., var honum jafnframt tjáð, að skipshöfninni stæði til boða að halda ráðningarsamningum gagnvart nýjum eigendum, þ. e. Fiskvinnslunni Kambi hf. Því er haldið fram af hálfu stefnda Útgerðarfélaginu Vík ehf., að tveimur dögum síðar hafi stefnandi upplýst sama starfsmann Útgerðarfélagsins Víkur ehf. um það, að skipshöfnin hefði hug á því að halda plássi sínu. Þar með hafi stefndi litið svo á, að formleg uppsögn á ráðningarsamningi gagnvart stefnanda væri óþörf. Stefnandi heldur því hins vegar fram, að það hafi allan tímann verið forsenda af sinni hálfu fyrir framhaldi ráðningarsamnings, að skipið yrði áfram gert út frá Suðurnesjum. Ágreiningur er milli málsaðila um það, hvort í upphafi hafi legið fyrir, að Fiskvinnslan Kambur hf. myndi gera skipið út frá Flateyri, eins og stefndi Útgerðarfélagið Vík ehf.

heldur fram. Hins vegar er óumdeilt, að þegar stefnandi ræddi við Guðmund Kristjánsson, starfsmann Fiskvinnslunnar Kambs hf., um miðjan september 1995, hafi þessi mál skýrst og stefnandi þá upplýst stefnda Útgerðarfélagið Vík ehf. um, að hann hefði ekki áhuga á ráða sig hjá nýjum eigendum.

Stefndi Útgerðarfélagið Vík ehf. gerði ekki skriflegan ráðningarsamning við stefnanda, eins og fyrir er lagt í 6. gr., sbr. 42. gr. sjómannalaga nr. 35/1985. Þar sem ekkert liggur fyrir um það, að samið hafi verið um sérstök ráðningarkjör við stefnanda, á hann skv. 44. gr. sjómannalaga rétt á þriggja mánaða uppsagnarfresti.

Dómurinn lítur svo á, að stefndi Útgerðarfélagið Vík ehf. hafi sönnunarbyrði fyrir því, að tekist hafi bindandi samningur milli stefnanda og meðstefnda, Fiskvinnslunnar Kambs hf. Sú sönnun hefur ekki tekist, en ekkert liggur fyrir um það í málinu af hálfu Fiskvinnslunnar Kambs hf., sem styður þá fullyrðingu Útgerðarfélagsins Víkur ehf., að Fiskvinnslan Kambur hf. hafi gert bindandi ráðningarsamning við stefnanda. Uppsögn stefnanda var því ólögmæt og bótaskyld af hálfu Útgerðarfélagsins Víkur ehf.

Kemur þá til athugunar, hvort stefnandi þurfi að sæta lækkun á þriggja mánaða launum, sem hann á rétt á skv. 2. og 3. mgr. 45. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 í 6 vikur, þar sem hann þáði ekki boð um starf hjá nýjum eigendum, með vísan til 2. og 3. mgr. 22. gr. sjómannalaga nr. 35/1985.

Hér ber á það að líta, að stefnandi sagði ekki sjálfur upp starfi sínu, heldur hafnaði hann boði um ráðningarsamning hjá Fiskvinnslunni Kambi hf. Þar sem stefnandi sagði skiprúmi sínu ekki lausu sjálfur, á hinn sérstaki uppsagnarfrestur 3. mgr. 22. gr. sjómannalaga ekki við hér, og á stefnandi rétt á launum í fulla þrjá mánuði frá uppsögn.

Af hálfu stefnda var við flutning málsins enn fremur krafist lækkunar á aðalkröfu stefnanda, þar sem stefndi lagði til grundvallar aðra reikningsaðferð við útreikning mánaðarlauna stefnanda í uppsagnarfresti. Var þessari málsástæðu mótmælt sem of seint fram kominni af hálfu stefnanda, og er fallist á það. Ber því að taka aðalkröfu stefnanda til greina, og er stefndi Útgerðarfélagið Vík ehf. dæmdur til að greiða stefnanda 925.055 kr. með dráttarvöxtum, eins og í dómsorði greinir.

Viðurkenna ber sjóveðsrétt stefnanda í vs. Jóhannesi Ívari, ÍS-193, til tryggingar tildæmdum fjárhæðum skv. 1. tl. 1. mgr. 197. gr. siglingalaga nr. 34/1985.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma stefnda Útgerðarfélagið Vík ehf. til að greiða stefnanda málskostnað. Af hálfu stefnanda var við málflutning framvísað málskostnaðarreikningi, að fjárhæð 257.076 kr., að teknu tilliti til

virðisaukaskatts. Stefndi Útgerðarfélagið Vík ehf. skal greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 160.000 kr., og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Ólöf Pétursdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi Útgerðarfélagið Vík ehf. skal greiða stefnanda, Jóni Ragnari Magnússyni, 925.055 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1985 frá 15. desember 1995 til greiðsludags og 160.000 kr. í málskostnað.

Viðurkenndur er sjóveðsréttur í vs. Jóhannesi Ívari, ÍS-193, fyrir til-dæmdum fjárhæðum.
